

## **110. fundur í stjórn FSS, Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi, 25.03. 2014 kl. 16.00 í Fjölheimum.**

Mætt: Arna Ír Gunnarsdóttir, varamaður Ingvars Péturs Guðbjörnssonar, Guðríður Aadnegaard, varamaður Magðalenu Jónsdóttur, Gunnar Bragi Þorsteinsson, Þór Hreinsson og Gylfi Þorkelsson, sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ásm. Sverrir Pálsson, fr.kv.stj.

### **Dagskrá:**

#### **1. Ársskýrsla 2013**

Skýrslan er ítarleg og sýnir að starfið fer enn vaxandi. Stjórn þakkar vandaða skýrslu, sem ber vitni góðu starfi á síðasta ári. Raunfærnimatið hefur reynst afar vel heppnað úrræði. Fræðslunetið hefur hlotið mörg raunfærnimatsverkefni eftir verðtilboð.

Gott samstarf hefur tekist milli Fræðslunetsins og símenntunarmiðstöðvarinnar á Suðurnesjum. M.a. hafa þessar stofnanir sameinast um leikskólabrú og félagsliðabré, og eru þá námskeið fjarkennd á milli staða eftir atvikum.

#### **2. Ársreikningur 2013**

Framkvæmdastjóri kynnti. Í rekstrarreikningi kemur fram að tekjur af ríkisframlögum og námskeiðum eru tæpum 12 milljónum undir áætlun og rekstrartap er 11.867.715,-. Rúmlega tíu milljónir eru fyrirframgreiddar tekjur sem færðar eru yfir á árið 2014 og ýmis kostnaður og afskriftir vegna flutninga í nýtt húsnæði skýra þessa stöðu að miklu leyti. Eigið fé Fræðslunetsins er rúmar 50 milljónir svo stofnunin stendur vel.

Stjórn samþykkir reikninginn eins og hann liggur fyrir, og staðfestir hann með undirritun.

#### **3. Starfsáætlun fyrir 2014**

Fr.kv.stj. kynnti. Starfsáætlunin er ítarleg og upplýsandi. M.a. kemur fram að Fræðslunetið hefur umsjón með fleiri raunfærnimatsverkefnum 2014 en á síðasta ári, eða alls 5 verkefnum; í slátrun, hestamennsku, ylrækt, garð- og skógarplönturækt og fyrir skólaliða.

Stjórn samþykkir áætlunina.

#### **4. Rekstraráætlun fyrir 2014**

Fr.kv.stj. kynnti. gert er ráð fyrir að launagreiðslur verði 71 milljón, sem er umtalsverð hækkun frá ársreikningi 2013, enda bætast við starfsmenn bæði starfsmaður í Vík og á Klaustri og starfsmenn á Höfn í Hornafirði. Þá er gert ráð fyrir kauphækkunum á árinu. Samkvæmt áætluninni er niðustaðan halli upp á 4.285 milljónir. Í ljósi fyrirséðrar hækkunar á húsaleigu á næstu árum er ljóst að Fræðslunetið þarf að tryggja nýja tekjustofna.

Stjórn samþykkir rekstraráætlunina.

#### **5. Bréf til menntamálaráðherra og byggðamálaráðherra, nýsköpun í mennta- og þekkingarstarfsemi á Suðurlandi**

Bréfið lagt fram til kynningar. Í því er óskað eftir fundi með ráðherrunum um samhæfða þjónustu á sviði framhaldsfræðslu, háskólanámsþjónustu og annarrar þekkingarstarfsemi á því víðfema landsvæði sem Fræðslunetið og Háskólafélagið þjónusta, allt frá Selvogi í vestri til Lónsveitar í austri, hátt á fimmta hundrað kílómetra eftir þjóðveginum. Bréfið var sent ráðherrunum 10. mars sl. en svör hafa ekki borist.

#### **6. Önnur mál**

- a. Þór bendir á ráðstefnuna „Nordisk forum“ sem haldin verður í Svíþjóð í júní nk. og vill að athygli starfskvenna FSS verði vakin á þessari spennandi ráðstefnu.
- b. Rætt var um möguleika á námskeiðum fyrir ferðaþjónustuaðila.
- c. Ekki tókst að ráða náms- og starfsráðgjafa á Höfn eins og til stóð, en auglýst verður aftur í þeirri von að takist að ráða í stöðuna frá og með hausti. Til að leysa málin hefur starfsmaður verið verkefnaráðinn tímabundið.
- d. Peningarnir sem FSS hefur í hendi til að greiða laun verkefnastjóra í Vík og Klaustri duga fram í apríl. Loforð ráðherra um framlög til þessa verkefnis liggja fyrir, en þau hafa ekki borist.

Fundi slitið kl. 18.10